

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-92/2014:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 6. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á spjalddölvu, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi framkvæmi úrbætur á tölvunni.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 10. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 24. nóvember. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 18. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 23. desember 2013 keypti álitsbeiðandi tvær spjalddölvur af gerðinni Samsung Galaxy Tab 3 7" af seljanda fyrir samtals kr. 59.800. Segir álitsbeiðandi að í apríl sl., þ.e. um fjórum mánuðum eftir kaup, hafi önnur tölvun hætt að hlaða. Fór álitsbeiðandi með tölvuna til seljanda sem sendi hana til þjónustuverkstæðis. Þar kom í ljós að hleðslutengi tölvunnar var brotið. Í kjölfarið hafnaði seljandi að standa straum af viðgerð á tölvunni, sem að sögn álitsbeiðanda átti að kosta um kr. 10.000. Vísar álitsbeiðandi í ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga um neytendakaup máli sínu til stuðning og krefst þess að seljandi kosti viðgerð á tölvunni. Meðfylgjandi álitsbeiðni var afrit af kvittun fyrir kaupum á umræddum tölvum.

**IV**

**Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi tvær spjalddölvur af seljanda hinn 23. desember 2013 fyrir kr. 59.800. Voru tölvurnar af gerðinni Samsung Galaxy Tab 3 7". Um fjórum mánuðum eftir kaupin hætti önnur tölvun að hlaða. Farið var með tölvuna til seljanda sem sendi hana áfram á þjónustuverkstæði. Þar kom í ljós að hleðslutengi tölvunnar var brotið. Neitaði seljandi að greiða fyrir viðgerð á tölvunni. Álitsbeiðandi telur að um galla sé að ræða. Seljandi hefur í máli þessu ekki tekið til varna.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram

koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Þar sem fullyrðingum álitsbeiðanda um að spjaldtölva sú er hún keypti af seljanda sé haldin galla, hefur ekki verið mótmælt, telur nefndin að fallast megi á að umrædd spjaldtölva sé haldin galla í skilningi framanrakinna ákvæða laganna.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess til samræmis við ákvæði 29. gr. laganna, að seljandi framkvæmi úrbætur á spjaldtölvu þeirri álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 23. desember 2013. Fellst kærunefndin á þá kröfu. Telur nefndin rétt að taka fram að úrbætur skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda og innan hæfilegs tíma, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna.

## V

### Álitsorð

Seljandi, Y, framkvæmi úrbætur á spjaldtölvu þeirri er álitsbeiðandi, X, keypti af seljanda hinn 23. desember 2013.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir